

Skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. nóvember 2016
UST201609-158/K.S.J.
10.04.03

Efni: Sveitarfélagið Hornafjörður. Tillaga að deiliskipulagi í landi Vagnsstaða.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 23. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi í landi Vagnsstaða.

Skipulagssvæðið


Í ofangreindri deiliskipulagstillögu kemur fram að skipulagssvæðið í landi Vagnsstaða er 1,7 ha, og eru það aðallega tún skv. uppdrætti.


Áætlaðar framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að á byggingarreit B1 eru áætluð 1-3 gistihús samtals allt að 1200 m². Á uppdrætti er sýnd ein lengja á lóð B1. Að mati Umhverfisstofnunar fellur svo löng gistiálma ekki að því byggðamynstri sem fyrir er, sem er eitt af markmiðum deiliskipulagsins. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu neikvæð sjónræn áhrif af svo langri gistibyggingu og hún myndi stinga í stúf við eldri byggð.

Umhverfisstofnun tekur undir hvernig smáhýsum er raðað á lóð B2, sem að mati stofnunarinnar fellur vel að núverandi byggð.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur